

Mánudaginn 21. jan. 1929.

Nr. 20/1928. **Ingólfur Flygenring & Co.** (L. Fjeldsted)
gegn

Magnúsi Guðmundssyni f. h. Skipasmiðastöðvar Reykjavíkur

(Sveinbjörn Jónsson).

Hvort veðréttur skulí vikja fyrir haldsrétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 6. febr. 1928: Hin framkomnu mótmæli gegn því, að Magnús Guðmundsson, f. h. Skipasmiðastöðvar Reykjavíkur, fái uppboðsafsál fyrir v./b. »Vonin« G.K. 352 og að uppboðsandvirði bátsins gangi upp í viðgjörðarkostnað hans, verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má í aðaldráttunum á forsendur hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar, ber að staðfesta úrskurðinn.

Verður áfrýjandinn, sem hefir eignast 1. og 2. veðrétt í hér umræddum bát, eftir þeim úrslitum að greiða stefnda kostnað málsins fyrir hæstarétti, og þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Uppboðsréttarúrskurðinum skal óraskað.

Áfrýjandi, Ingólfur Flygenring & Co. greiði stefnda Magnúsi Guðmundssyni f. h. Skipasmiðastöðvar Reykjavíkur, að viðlagðri aðför að lögum, 300 kr. í málkostnað fyrir hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög þessa máls eru þau, að Magnús Guðmundsson skipasmiður hér í bænum f. h. Skipasmiðastöðvar Reykjavíkur, tók til viðgjörðar á skipasmiðastöðina v./b. »Vonina« K.G. 352.

eign Markúsar Jónssonar, eftir beiðni eigandans. Viðgjörðarkostnað sinn, sem nam kr. 7564.15, fékk skipasmiðastöðin eigi greiddan. Fór hún þá í mál við eigandann, fékk dóm fyrir kröfunni, lét síðan gjöra fjárnám í áðurnefndum bát og selja hann á nauðungaruppbóði, er framfór 15. febrúar 1927. Varð Magnús f. h. Skipasmiðastöðvarinnar á því uppbóði hæstbjóðandi í bátinn fyrir kr. 2000.00.

Hér í réttinum hefir umboðsmaður uppbóðskaupanda krafist þess, að þar sem umbjóðandi hans hafi haft haldsrétt í bátinum fyrir viðgjörðarkröfu sinni og sá haldsréttur hafi færst yfir á söluverð bátsins við sölu hans, verði umbjóðanda hans veitt uppbóðsafsal fyrir bátnum, án þess að hann greiði uppbóðsandvirðið, m. ö. o., að uppbóðsandvirðið verði látið ganga upp í viðgjörðarkostnaðinn. Til vara hefir hann krafist þess, f. h. umbjóðanda sins, að honum verði gefið afsal og auk þess úrskurðaður haldsréttur í uppbóðsandvirðinu þar til krafa hans er að fullu greidd.

Af hálfu 2. veðréttarhafa í bátnum, Ólafs Sigurðssonar, samkvæmt veðskuldarbréfi, útgefnu 8. október 1924, af Markúsi Jónssyni og fyrirfram innrituðu til þinglesturs í Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. okt. s. á., en þinglesnu hér í bænum 16. s. m., hefir framangreindum kröfum uppbóðskaupanda verið mótmælt, og þess krafizt, að honum verði greidd, af uppbóðsandvirði nefnds báts, veðskuld hans kr. 1750.00 með 6 % ársvöxtum frá 8. okt. 1924 til greiðsludags, auk kr. 175.00 málskostnaðar fyrir uppbóðsréttinum, samkvæmt taxta málaflutningsmannafélagsins.

Mótmæli sin gegn kröfum uppbóðskaupanda og kröfur sínar byggir umboðsmaður veðréttarhafa í fyrsta lagi á því, að hann telur löglegan haldsrétt ekki hafa stofnast í margnefndum bát fyrir viðgjörðarkröfunni.

Sem rök fyrir þessari staðhæfingu sinni færir hann, að uppbóðskaupandi hafi verið in mala fide. Honum hafi verið það kunnugt, þegar hann tók bátinn til viðgjörðar, að Markús Jónsson hafi verið insolvent, og að allar líkur væru því til þess, að hann gæti eigi greitt aðgjörðina, og því hafi hann hlotið að sjá, að til þess mundi koma, að hann yrði eingöngu að halda sér að bátnum. En með því að framkvæma aðgjörðina undir þessum kringumstæðum, hafi uppbóðskaupandi framið réttarbrott gagnvart umbjóðanda sínum, veðréttarhafa, og réttarbrott hafi ekki getað stofnað haldsrétt. Umboðsmaður

uppboðskaupanda hefir eindregið mótmælt því, að umbjóðanda sínum hafi verið kunnar fjárhagsástæður áður nefnds Markúsar, er hann tók bátinn til viðgjörðar, og þar sem ekki hefir verið sannað, að svo hafi verið gegn mótmælum hans, verður uppboðsrétturinn að lita svo á, að löglegur haldsréttur til uppboðskaupanda hafi stofnast í bátnum fyrir viðgjörðar kröfunni.

Í öðru lagi byggir umboðsmaður veðréttarhafa kröfur sínar á því, að hann telur haldsréttinn hafa týnt fyrir vangeymslu haldsréttarhafans. Með því, að hann hafi farið þá leið að fá dóm fyrir kröfu sinni, láta gjöra fjárnám í bátnum og síðan selja hann á nauðungaruppboði, hafi haldsréttarhafinn ekki gengið fram í krafti haldsréttarins, heldur sem venjulegur skuldheimtumaður, og það megi skilja sem þegjandi afsal haldsréttarins. En að minnsta kosti hafi haldsrétturinn þó fallið niður, er hans var að engu getið í uppboðsskilmálunum, eða á síðasta uppboðinu, þegar báturinn var seldur, og hafi hann því ekki getað færst yfir á uppboðsandvirðið við sölu.

Á þessa röksemdafærslu getur uppboðsrétturinn ekki fallizt. Það er almennt viðurkennt að haldsréttarhafa sé undir vissum skilyrðum heimilt að láta selja hlut, er hann hafi haldsrétt í, á frjálsum uppboði og haldsrétturinn færist við slíka sölu yfir á uppboðsandvirðið. Að þessu athuguðu þykir uppboðsréttinum ekki eðlilegt, að vernd haldsréttarhafa verði minni fyrir það, að hann fær kröfu sína viðurkennda með dómi og fer síðan þá leið, sem tryggust er talin fyrir þá sem hagsmuna hafa að gæta við sölu bátsins og lætur selja hann á nauðungaruppboði, heldur álitur rétturinn, að slík aðferð megi vel samrýmast haldsréttinum, og í því að fara hana liggi í sjálfu sér engin uppgjöf af haldsréttarhafans hálfu á réttinum, enda hefir umboðsmaður uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) mótmælt því eindregið.

Þá getur uppboðsrétturinn heldur ekki fallizt á það, að haldsrétturinn hafi glatast af þeim ástæðum, að hans var ekki getið í uppboðsskilmálunum né á uppboðinu, þegar báturinn var seldur, þegar af þeirri ástæðu, að á uppboðinu mættu ekki aðrir en haldsréttarhafinn af þeim, sem hagsmuna höfðu að gæta við sölu, og engar kröfur voru gjörðar á því til uppboðsandvirðisins, og þess vegna ekki gefið tilefni til þess fyrir hann að koma þá fram með kröfu viðvikjandi haldsréttinum. En af því, sem fyrir liggur í málinu, sézt, að strax

og tilefni var gefið til, bar haldsréttarhafinn fyrir sig haldsréttinn.

Ennfremur verður uppboðsrétturinn að telja, að þar sem viðurkennt er, að haldsréttur færist yfir á andvirði hlutar, sem seldur er á frjálðu uppboði, þá færist hann eins yfir á andvirðið, þegar selt er á nauðungaruppboði, til annars er ekki hægt að finna nokkra skynsamlega ástæðu.

Telur því rétturinn, að uppboðskaupandi hafi fengið löglegan haldsrétt í v./b. »Vonin» fyrir viðgjörðarkröfu sinni, og að hann hafi gætt þess réttar löglega í alla staði.

Þá hefir umboðsmaður veðréttarhafa í þriðja lagi byggt kröfu sína á því, að veðréttur umbjóðanda hans, sem sé stofnaður fyrir en haldsrétturinn, eigi að ganga fyrir honum.

Hinsvegar heldur umboðsmaður uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) því fast fram, að haldsrétturinn eigi að ganga fyrir, þótt yngri sé. Umboðsmaður haldsréttarhafa hefir haldið því fram, að báturinn hafi verið mjög lélegur, þegar umbjóðandi hans tók hann til viðgjörðar, og er það viðurkennt af umboðsmanni veðréttarhafans. Það er heldur ekki um það deilt, að viðgjörðin hafi verið framkvæmd eftir beiðni réttis hlutaðeiganda. Hinsvegar hefir umboðsmaður veðréttarhafa haldið því fram, að verðmæti bátsins hafi ekki aukizt við aðgjörðina, og byggir það á því, að viðgjörðarkostnaðurinn hafi numið kr. 7564.15, en á löglega auglýstu og framfögnu uppboði hafi báturinn aðeins selzt fyrir kr. 2000.00, og sé því augljóst, að þó veðhavar hefðu fengið eitthvað upp í kröfur sínar og ekki hefði verið gjört við bátinn, fái fleiri nú ekkert, ef haldsrétturinn verði látinn ganga fyrir. Það að láta bátinn til viðgjörðar hafi því verið óforsvaranleg fjárráðstöfun gagnvart veðhöfunum, og því ekki sanngjarnt að láta veðrétt þeirra vikja.

Af hálfu uppboðskaupanda (haldsréttarhafa) hefir aftur á á móti verið talið, að veðréttarhafi hefði ekkert fengið, ef ekki hefði verið gjört við bátinn, og sé því ekki sanngjarnt gagnvart skipasmíðastöðinni, sem hafi aukið verðmæti bátsins, að láta veðréttarhafa ganga fyrir og auðgast þannig á kostnað hennar.

Af öllu því, sem fyrir liggur í málinu, þykir uppboðsréttinum sennilegast, að báturinn hafi verið algjörlega ónýtur sem slíkur, þegar honum var komið til viðgjörðar, og að hún hafi því orðið að teljast forsvaranleg og nauðsynleg ráðstöfun

til þess að bjarga honum frá eyðileggingu. En í slíku tilfelli verður uppboðsrétturinn að lita svo á, að haldsréttur eigi að ganga fyrir eldri sem yngri veðréttindum, að því leyti sem hann er til tryggingar kröfu vegna nauðsynlegrar viðgjörðar, enda mun það vera almennt viðurkennt. Umboðsmaður veðréttarhafans hefir heldur ekki mótmælt sérstaklega neinum hluta viðgjörðarkröfunnar, af þeirri ástæðu, að viðgjörðin hafi verið ónauðsynleg til þess að gjöra bátinn nothæfan. Verður því uppboðsrétturinn að telja, að uppboðs- andvirðið, kr. 2000.00, nemi ekki meiri upphæð en nauðsynleg viðgjörð hefir kostað og eigi því uppboðskaupandinn (haldsréttarhafi) forgangsrétt að þeirri upphæð, á undan fyrnefndum 2. veðréttarhafa.

Af sömu ástæðum og hér á undan greinir, verður 1. veðréttur Ingólfs Flygenrings f. h. h./f. »Vonin« í v./b. »Vonin« að víkja fyrir margnefndum haldsrétti. Verða því ekki teknar til greina kröfur umboðsmanna 1. og 2. veðréttarhafa, um að fá veðskuldir umbjóðenda sinna greiddar af uppboðsandvirðinu, en uppboðskaupanda, (sem er einnig haldsréttarhafi) verður úrskurðaður réttur til þess að fá uppboðsafsál fyrir v./b. »Vonin« G.K. 352 og láta uppboðsandvirðið ganga til greiðslu viðgjörðarkostnaðar síns, þar sem hann hefir beztan rétt til þess samkvæmt framansögðu.

Miðvikudaginn 23. jan. 1929.

Nr. 15/1928. **Bæjarstjórn Ísafjarðar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

aukalækni Eiriki Kjerúlff (B. P. Kalman).

Krafa á hendur bæjarstjórn fyrir læknishjálp veitta þurfalingum.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 13. sept. 1927: Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, greiði stefnandanum, Eiriki Kjerúlff, kr. 789.50 — sjö hundruð áttatíu og níu krónur og fimmtíu aura. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.